

Skútustaðahreppur, Mývatnssveit 600269-1009

Hlíðavegi 6, 660 Mývatn Iceland s: 464-4163 f. 464-4363, netf. gudrunm@myv.is

Skipulags- og umhverfisnefnd - 22.05.2012

17. fundur 22. maí 2012 kl 10:00-12:00

Fundarstaður: Hótel Reynihlíð

Fundarmenn:

Birgir Steingrímsson

Eyrún Björnsdóttir

Karl E. Sveinsson

Kristján Stefánsson

Pétur Snæbjörnsson

Starfsmenn:

Guðrún María Valgeirsdóttir, sveitarstj.

(Undir liðunum 1-3)

Bjarni Reykjálín skipul.fltr.

(fundarritari)

Deiliskipulag þéttbýlis í Reykjahlíð.

S20120204

Á fundi sínum 26. mars s.l. samþykkti skipulags- og umhverfisnefnd að fela skipulagsfulltrúa í samráði við sveitarstjóra að leita eftir samningum við skipulagsráðgjafa til að vinna deiliskipulag þéttbýlis í Reykjahlíð. Þar sem aðstæður hafa breyst hjá Teiknistofu arkitekta, Gylfa Guðjónssonar og félaga ehf kemur fulltrúi teiknistofunnar, Árni Ólafsson arkitekt á fundinn til viðræðna um skipulagsráðgjöf vegna þessa verkefnis.

Skipulags- og umhverfisnefnd beinir þeim tilmælum til sveitarstjórnar að gengið verði til samninga við Teiknistofu arkitekta, Gylfa Guðjónsson og félaga ehf um að vinna deiliskipulag þéttbýlis í Reykjahlíð samkvæmt þeim skimálum sem um var rætt á fundinum.

1. Aðalskipulag Skútustaðahrepps

S20120203

Árni Ólafsson arkitekt frá Teiknistofu arkitekta, Gylfa Guðjónssonar og félaga ehf kemur á fundinn og gerir grein fyrir lokatillögu að aðalskipulagi Skútustaðahrepps með þeim breytingum sem gerðar hafa verið m.t.t. athugasemda sem borist hafa í nýlegu kynningarferli.

Skipulags- og umhverfisnefnd beinir þeim tilmælum til sveitarstjórnar að hún taki tillögu að Aðalskipulagi Skútustaðahrepps til umfjöllunar og sendi síðan til Skipulagsstofnunar til athugunar skv. 3. mgr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010

2. Arnarvatn, verslunar- og þjónustusvæði. Deiliskipulagstillaga

S20120302

Borist hefur tillaga að deiliskipulagi hótelsvæðis í landi Arnarvatns frá Per Langsøe Christensen f.h. Landafélagsins, sem er framkvæmdaaðili við fyrirhugaða byggingu. Meðfylgjandi er uppdráttur frá Mannviti (PLC)

Lagt fram til kynningar. Skipulags- og umhverfisnefnd tekur jákvætt í tillöguna en felur skipulagsfulltrúa aðkoma á framfæri við skipulagshöfunda ákveðnum atriðum sem rætt var um á fundinum.

3. Hitaveita. Verðfyrirspurn vegna lagnaefnis í endurnýjun hitaveitulagna.

V20120401

Lárus Björnsson starfsmaður hreppsins sat fundinn undir þessum lið.

Borist hefur niðurstaða verðfyrirspurnarvegna lagnaefnis í endurnýjun hitaveitulagna frá Andra Ægissyni á Verkís. Send var fyrirspurn um hitaveituefni á Set og Ísrör. Meðfylgjandi er efnislisti og samanburður á niðurstöðum verðfyrirspurnar.

Niðurstöður voru eftirfarandi (fyrir árin 2012, 2013 og 2014):

Ísrör: 56.792.275 kr. með VSK

Set: 52.409.492 kr. með VSK mismunur: 4.382.783kr. eða um 8,4 %

Andri mælir með því að tilboði Set verði tekið og lagnaefni fyrir 2012 pantað frá þeim.

Skipulags- og umhverfisnefnd beinir þeim tilmælum til sveitarstjórnar að gengið til samninga við Set um kaup á lagnaefni skv. tillögu Andra Ægissonar. Gengið verði frá lagnastæði þannig að undirlag muni nýtast fyrir framtíðar göngustíg. Jafnhliða þessum framkvæmdum verði lagt 40 mm ídráttarrör til seinni tíma notkunar.

Fundi slitið

